



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu þrjú mánuði áranna 2009 og 2010

2010

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir fyrstu þrjá mánuði áráanna 2009 og 2010. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu þrjá mánuði áráanna 2009 og 2010.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 3% fyrstu þrjá mánuði ársins 2010 samanborið við fyrstu þrjá mánuði ársins 2009. Fjöldi tilkynninga var 2.384 fyrstu þrjá mánuði ársins 2009, en 2.455 fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði lítillega, en fjölgaði á landsbyggðinni um 10%. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 49,2% tilkynninga fyrstu þrjá mánuði ársins 2009, en 44,7% fyrstu 3 mánuði ársins 2010. Alls voru 31,3% tilkynninga vegna vanrækslu á börnum fyrstu þrjá mánuði ársins 2009, en 32,7% fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi var 19,3% fyrstu þrjá mánuði ársins 2009, en 22,2% fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Hlutfall tilkynninga vegna þess að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var 0,2% fyrstu þrjá mánuði ársins 2009, en 0,5% fyrstu þrjá mánuði ársins 2010.

Í sískráningu barnaverndarnefnda var á árinu 2009 í fyrsta sinn spurt sérstaklega um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi. Fyrstu þrjá mánuði ársins 2009 var hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu 8,4%. Fyrstu þrjá mánuði ársins 2010 var hlutfallið 8,7%. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 3,7% fyrstu þrjá mánuði ársins 2009, en 5,8% fyrstu þrjá mánuði ársins 2010.

Flestar tilkynningar voru frá lögreglu, en hlutfall þeirra var 48,6% fyrstu þrjá mánuði ársins 2009, en 49,4% fyrstu þrjá mánuði ársins 2010.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um fyrstu þrjá mánuði ársins 2009 var 2.011 börn, en sambærileg tala fyrir árið 2010 var 1.993 börn. Tilkynnt var því um tæplega 1% færri börn fyrstu þrjá mánuði ársins 2010 en fyrstu þrjá mánuði ársins 2009.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarheimili fjölgaði fyrstu þrjá mánuði ársins 2010 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 38 fyrstu þrjá mánuði ársins 2009 en fjölgaði í 48 fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Aukningin er að mestu tilkomin vegna fjölgunar umsókna í Götusmiðjuna.

Flestar umsóknir fyrstu þrjá mánuði ársins 2010 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 77,1% umsókna, en 22,9% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Umsóknum úr nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur fjölgar mest miðað við fyrstu þrjá mánuði ársins 2009.

Jafn margar umsóknir bárust fyrir drengi og stúlkur fyrstu þrjá mánuði ársins 2010 og var meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir 15,2 ár fyrstu þrjá mánuði ársins 2010.

Alls bárust 18 umsóknir um MST fyrstu þrjá mánuði ársins 2009, en 24 umsóknir fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Meðalaldur barnanna var um 14 ár og sótt var um fyrir fleiri stúlkur en drengi fyrstu þrjá mánuði ársins 2010.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fjölgaði úr 22 í 31 á umræddu tímabili. Fjölgunin stafar fyrst og fremst af fleiri umsóknum um tímabundið fóstur. Drengir voru í meirihluta þeirra barna sem sótt var um fóstur fyrir.

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl samtals 74 fyrstu þrjá mánuði ársins 2009, en 59 fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 78,4% fyrstu þrjá mánuði ársins 2009 og 71,2 % fyrstu þrjá mánuði ársins 2010.

Fyrstu þrjá mánuði ársins 2010 voru 64 vistanir á neyðarvistun Stuðla, en þær voru 76 á sama tímabili árið á undan. Vistunardögum fjölgaði fyrstu þrjá mánuði ársins 2010 miðað við sama tímabil árið á undan úr 417 dögum í 425 daga. Fjöldi einstaklinga fyrstu þrjá mánuði ársins 2010 var 46, en 44 á sama tímabil árið á undan.

Umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fjölgaði úr 16 fyrstu þrjá mánuði ársins 2009 í 19 fyrstu þrjá mánuði ársins 2010. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	1.109	46,5	1.064	43,3
Seltjarnarnes	19	0,8	10	0,4
Kópavogur	200	8,4	220	9,0
Garðabær	32	1,3	37	1,5
Hafnarfjörður	164	6,9	192	7,8
Álftanes	17	0,7	31	1,3
Reykjanesbær	151	6,3	167	6,8
Grindavík	26	1,1	36	1,5
Sandgerðisbær, Garður og Vogar	67	2,8	107	4,4
Mosfellsbær	85	3,6	64	2,6
Akranes	52	2,2	29	1,2
Borgarfjarðar og Dala	12	0,5	12	0,5
Snæfellinga	14	0,6	10	0,4
Norðanverðir Vestfirðir	38	1,6	40	1,6
Vesturbyggð og Tálknafjörður	1	0,0	6	0,2
Húnaþing vestra	11	0,5	17	0,7
A-Húnavatnssýsla	6	0,3	14	0,6
Skagafjörður	16	0,7	16	0,7
Útey	18	0,8	26	1,1
Eyjafjörður	78	3,3	101	4,1
Grímsey*	0	0,0		
Þingeyinga	40	1,7	29	1,2
Fljótshálsa	32	1,3	11	0,4
Fjarðabyggð	14	0,6	41	1,7
Hornafjörður	15	0,6	5	0,2
Árborg	56	2,3	44	1,8
Uppsveitir Árnassýslu	15	0,6	13	0,5
Hveragerði	4	0,2	11	0,4
Ölfus	2	0,1	6	0,2
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	18	0,8	12	0,5
Vestmannaeyjar	72	3,0	84	3,4
Samtals	2.384	100,0	2.455	100,0

*Barnav. Grímseyjar sameinaðist barnav. Eyjafjarðar 1. júní 2009.

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði*	1.626	68,2	1.618	65,9
Landsbyggð	758	31,8	837	34,1
Samtals	2.384	100,0	2.455	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsahreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um*

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	859	42,7	811	40,7
Seltjarnarnes	8	0,4	10	0,5
Kópavogur	169	8,4	180	9,0
Garðabær	32	1,6	35	1,8
Hafnarfjörður	144	7,2	170	8,5
Álftanes	11	0,5	23	1,2
Reykjanesbær	134	6,7	150	7,5
Grindavík	26	1,3	30	1,5
Sandgerði	67	3,3	70	3,5
Mosfellsbær	85	4,2	56	2,8
Akranes	47	2,3	25	1,3
Borgarfjarðar og Dala	11	0,5	12	0,6
Snæfellinga	14	0,7	10	0,5
Norðanverðir Vestfirðir	37	1,8	34	1,7
Vesturbyggð og Tálknafjörður	1	0,0	6	0,3
Húnaþing vestra	11	0,5	13	0,7
A-Hún	6	0,3	14	0,7
Skagafjörður	16	0,8	13	0,7
Útey	18	0,9	26	1,3
Eyjafjörður	65	3,2	88	4,4
Grímsey*	0	0,0	0	0,0
Þingeyingar	38	1,9	26	1,3
Fljótsdalshérað	27	1,3	11	0,6
Fjarðabyggð	14	0,7	41	2,1
Hornafjörður	15	0,7	5	0,3
Árborg	55	2,7	44	2,2
Uppsveitir Árnassýslu	12	0,6	10	0,5
Hveragerði	4	0,2	10	0,5
Ölfus	2	0,1	4	0,2
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	16	0,8	9	0,5
Vestmannaeyjar	67	3,3	57	2,9
Samtals	2.011	100,0	1.993	100,0

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði	1.308	65,0	1.285	64,5
Landsbyggð	703	35,0	708	35,5
Samtals	2.011	100,0	1.993	100,0

*Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun*

	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	1.001	49,8	1.294	64,9

*Þess ber að geta að tölurnar milli 2009 og 2010 eru ekki fyllilega samanburðarhæfar vegna breytinga á sískráningu í byrjun árs 2010.

Ástæður tilkynninga*

Ástæður tilkynninga	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	745	31,3	802	32,7
Líkamleg vanræksla	25	1,0	34	1,4
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	594	24,9	666	27,1
*Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	200	8,4	214	8,7
Vanræksla varðandi nám	32	1,3	36	1,5
Tilfinningaleg vanræksla	97	4,1	92	3,7
Ofbeldi	460	19,3	544	22,2
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	161	6,8	310	12,6
*þar af heimilisofbeldi	87	3,7	142	5,8
Líkamlegt ofbeldi	162	6,8	157	6,4
Kynferðislegt ofbeldi	139	5,8	95	3,9
Áhættuhegðun	1.174	49,2	1.097	44,7
Neysla barns á vímuefnum	150	6,3	232	9,5
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	348	14,6	215	8,8
Afbrot barns	472	19,8	486	19,8
Barn beitir ofbeldi	111	4,7	120	4,9
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	110	4,6	61	2,5
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	5	0,2	12	0,5
Tilkynningar alls	2.384	100,0	2.455	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	45		39	

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	12	0,5	13	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	115	4,8	124	5,1
Nágrannar	155	6,5	153	6,2
Önnur barnaverndarnefnd	60	2,5	36	1,5
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	35	1,5	39	1,6
Lögregla	1.158	48,6	1.213	49,4
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	334	14,0	291	11,9
Leikskóli/gæsluforeldri	54	2,3	22	0,9
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	130	5,5	191	7,8
Foreldrar barns	232	9,7	219	8,9
Aðrir	99	4,2	154	6,3
Samtals	2.384	100,0	2.455	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	22	57,9	22	45,8
Götusmiðjan	9	23,7	18	37,5
Langtímameðferð	7	18,4	8	16,7
Samtals	38	100,0	48	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	17	44,7	18	37,5
Nágrenni Reykjavíkur*	11	28,9	19	39,6
Landsbyggð	10	26,3	11	22,9
Samtals	38	100,0	48	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	21	55,3	24	50,0
Stúlkur	17	44,7	24	50,0
Samtals	38	100,0	48	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 3 mánuði 2009	Fyrstu 3 mánuði 2010
Meðalaldur barna	15,0	15,2

Umsóknir um MST

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	8	44,4	11	45,8
Aðrir	10	55,6	13	54,2
Samtals	18	100,0	24	100,0

Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	14	77,8	11	45,8
Stúlkur	4	22,2	13	54,2
Samtals	18	100,0	24	100,0

Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 3 mánuði 2009	Fyrstu 3 mánuði 2010
Meðalaldur barna	14,2	14,0

Umsóknir um fóstur

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	17	77,3	24	77,4
Varanlegt	1	4,5	1	3,2
Styrkt	4	18,2	6	19,4
Samtals	22	100,0	31	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	12	54,5	18	58,1
Nágrenni Reykjavíkur*	2	9,1	2	6,5
Landsbyggð	8	36,4	11	35,5
Samtals	22	100,0	31	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	12	54,5	18	58,1
Stúlkur	10	45,5	13	41,9
Samtals	22	100,0	31	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 3 mánuði 2009		Fyrstu 3 mánuði 2010	
Tímabundið	12,0		8,7	
Varanlegt	17		14	
Styrkt	11,5		13	
Samtals	12,1		9,7	

Pjónusta í Barnahúsi

Pjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu 3 mánuði	Fyrstu 3 mánuði
	2009	2010
	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	74	59
a. Skýrslutökur	17	12
b. Könnunarviðtöl	57	47
Greiningar- og meðferðarviðtöl	45	37
Læknisskoðanir	14	7

Kyn barna í Barnahúsi*

Kyn	Fyrstu 3 mánuði		Fyrstu 3 mánuði	
	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	16	21,6	17	28,8
Stúlkur	58	78,4	42	71,2
Samtals	74	100,0	59	100,0

*kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Neyðarvistun á Stuðlum

Neyðarvistun á Stuðlum

	Fyrstu 3 mánuði	
	2009	2010
	Fjöldi	Fjöldi
Fjöldi vistana	76	64
Vistunardagar	417	425
Fjöldi einstaklinga	44	46

Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 3 mánuði		Fyrstu 3 mánuði	
	2009		2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	20	45,5	23	50,0
Stúlkur	24	54,5	23	50,0
Samtals	44	100,0	46	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu 3 mánuði		Fyrstu 3 mánuði	
	2009		2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík og nágrenni*	7	43,8	10	52,6
Vesturland	2	12,5	1	5,3
Vestfirðir	0	0,0	0	0,0
Norðurland	4	25,0	3	15,8
Austurland	1	6,25	1	5,3
Suðurland	1	6,25	2	10,5
Reykjanes	1	6,25	2	10,5
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0
Samtals	16	100,0	19	100,0

*Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.